



Velferðarráð Kópavogsbæjar
Björg Baldursdóttir

Kópavogi, 21. mars 2024

Efni: Styrkbeiðni frá Bjarkarhlíð 2024

Meðfylgjandi er erindi frá Bjarkarhlíð dags. 21.02.2024 þar sem óskað er eftir rekstrarstyrk frá Kópavogsbæ vegna ársins 2024.

Bjarkarhlíð – miðstöð fyrir þolendur ofbeldis hefur verið starfrækt frá 2. mars 2017. Miðstöðin er samstarfsverkefni félags- og vinnumarkaðsráðuneytis, dómsmálaráðuneytis, Reykjavíkurborgar, lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, Stígamóta, Kvennaathvarfsins, Kvennaráðgjafarinnar og Mannréttindaskrifstofu Íslands.

Velferðarráð Kópavogs hefur styrkt Bjarkarhlíð með fjárframlagi árin 2018 til 2021 og árið 2023 en ekki var sótt um styrk á árinu 2022. Upphæð fjárstyrksins árið 2023 var 500.000kr.

Lagt er til að Bjarkarhlíð verði veittur styrkur á árinu 2024 að upphæð 750.000kr.

Virðingarfyllt
f.h. velferðarsviðs Kópavogs,
Jóhanna Lilja Ólafsdóttir
Verkefnastjóri

Fylgiskjal 1: Styrkbeiðni Bjarkarhlíðar fyrir árið 2024.